

Efni: Kynningarbréf um móttöku rafrænna gagna á vegum héraðsskjalasafna og stofnun Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu

Með þessu bréfi viljum við kynna fyrir sveitarfélögum **Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR)**. Meginmarkmið með stofnun miðstöðvarinnar er að styðja við stafræna umbreytingu hjá sveitarfélögum ásamt því að byggja upp þekkingu á málaflokknum innan héraðsskjalasafna, finna hentugar lausnir á hýsingu og ekki síst að lækka kostnað við móttöku og langtímaavörslu rafrænna og stafrænna gagna.

Héraðsskjalasöfnin hafa gert samning við NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) sem er samstarfsverkefni 31 sveitarfélags í Danmörku um rafræna skjalavörslu. NEA skipuleggur fundi, námskeið og veitir ráðgjöf varðandi fjölmarga verkþætti, svo sem kortlagningu rafrænna gagnasafna og gagnakerfa, tilhögun afhendinga, langtímaavörslu rafrænna gagna og uppsetningu á gagnageymslu rafrænna/stafrænna gagna. Af þessu má sjá að MHR er ekki eingöngu ætlað að taka á móti vörsluútgáfum og yfirfara þær heldur einnig og ekki síst að styðja sveitarfélögin við undirbúning stafrænnar umbreytingar.

Geta og möguleikar héraðsskjalasafna til að reka eigin móttökumiðstöðvar er afar misjöfn. Með því að taka þátt í rekstri MHR tryggja sveitarfélög sér grundvöll þess að hefja stafræna umbreytingu og veita héraðsskjalasöfnunum nauðsynlegan stuðning til að uppfylla lagaskyldur sínar um móttöku rafrænna gagna óháð stærð sveitarfélaga sem að baki þeim standa eða þekkingar innan héraðsskjalasafnanna. Héraðsskjalasöfnin hafa í sameiningu unnið að þessu verkefni frá haustmánuðum 2022. Á árinu 2023 tóku nokkur héraðsskjalasöfn á móti rafrænum afhendingum í samræmi við gildandi reglur þar um og geta þau afgreitt og veitt aðgengi að þessum rafrænu gögnum. Verkefnið er því komið á reksþöl en nauðsynlegt að stíga áfram næstu skref.

Það fylgir því óhjákvæmilega kostnaður að reka miðstöð sem þessa. Ráða þarf starfsmann með sérþekkingu á langtímaavörslu rafrænna gagna, kaupa viðeigandi tæki og tól, tryggja aðstöðu og hýsingu. Einnig er nauðsynlegt að fara í vissa þróunarvinnu t.d. varðandi aðgengi að vörsluútgáfum og miðlun skráa um innihald þeirra. Það liggur þó í augum uppi að það er ódýrara að öll héraðsskjalasöfn sameinist um eina slíka miðstöð en að hvert og eitt héraðsskjalasafn komi sér upp slíkri miðstöð.

Kostnaði við grunnrekstur miðstöðvarinnar verður skipt niður á héraðsskjalasöfnin með tilliti til íbúafjölda sveitafélaganna sem þau reka. Þetta gefur héraðsskjalasöfnunum aðgang að viðeigandi eyðublöðum, aðstoð við kortlagningu gagnasafna, ráðgjöf varðandi skipulag gagna og aðgang að hugbúnaði til að afgreiða úr og halda utan um vörsluútgáfur. Aftur á móti þarf hver skjalamyndari fyrir sig (sveitarfélag, stofnun sveitarfélags eða aðrir aðilar sem ber að skila gögnum sínum á héraðsskjalasafn) að greiða fyrir þjónustu varðandi tilkynningar um gagnasöfn og afhendingu á vörsluútgáfum, enda er slíkt aðeins eðlilegur hluti af kostnaði við skjalavörslu hvers og eins skjalamyndara.

Með bréfi þessu viljum við hvetja sveitarfélögin til taka þátt í þessari vegferð með okkur og tryggja að öll héraðsskjalasöfn á landinu verði aðilar að hinni nýju miðstöð. Miðað við núverandi umhverfi og stöðu mála er ljóst að öll sveitarfélög munu innan fárra ára þurfa að bregðast við vaxandi umfangi stafrænna gagna. Ef söfn eða sveitarfélög ákveða að sitja hjá á þessu stigi er ljóst að kostnaðarhlutur annarra sveitarfélaga mun vaxa. Því er það réttlætismál að þau söfn og sveitarfélög sem ganga inn í verkefnið á seinni stigum greiði þá að auki sinn skerf í þróunarvinnunni, þ.e. þau greiði þá hlutfallslega meira fyrir aðild sína að MHR þegar þar að kemur.

Stýrihópur héraðsskjalavarða sem unnið hefur að verkefninu boðar nú til formlegs stofnfundar MHR. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30 í Reykjavík, föstudaginn 9. febrúar kl. 13:00. Í drögum að samþykktum fyrir MHR er gert ráð fyrir því að eignaraðilar að miðstöðinni geti annars vegar orðið opinber skjalasöfn, eða í þeim tilfellum þar sem slík söfn eru ekki rekin á eigin kennitölu, sveitarfélög, stofnanir þeirra eða byggðasamlög sem reka opinbert skjalasafn, þá fyrir þess hönd. Á stofnfundinum er gert ráð fyrir að fulltrúar héraðsskjalasafna muni undirrita stofnskjöl, með eða án fyrirvara um samþykki stjórnar eða yfirboðara hjá sveitarfélögunum sem að þeim standa. Einnig er gert ráð fyrir því að söfnum sem ekki gerast stofnaðilar á fundinum gefist ráðrúm til að verða stofnaðilar með því að staðfesta aðild sína innan tiltekins frests (tveir mánuðir). Við leggjum áherslu á að allra hluta vegna er æskilegt að söfn verði aðilar að miðstöðinni frá byrjun. Gera verður ráð fyrir því að ef söfn vilja ganga til liðs við MHR síðar muni því fylgja viðbótarkostnaður fyrir viðkomandi söfn, líkt og nefnt er hér að framan.

Ef áhugi er fyrir því að senda fulltrúa á stofnfundinn, eða ef nánari upplýsinga er óskað má hafa samband við neðangreinda héraðsskjalaverði.

Sólborg Una Pálsdóttir – Héraðsskjalasafn Skagfirðinga – solborg@skagafjordur.is

Þorsteinn Tryggvi Másson – Héraðsskjalasafn Árnesinga – thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Stefán Bogi Sveinsson – Héraðsskjalasafn Austfirðinga – stefanbogi@heraust.is

Erla Dís Sigurjónsdóttir – Héraðsskjalasafn Akraness – erlads@akranes.is